

Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í gegnum Teams fjarskiptabúnað, þriðjudaginn 12.01.2021, kl. 17:15

Mætt: Brynja Baldursdóttir (BB), Heiðrún Jónsdóttir (HJ), Erling Ásgeirsson (EÁ), Gunnar Berg Viktorsson (GBV), Ingvar H. Ragnarsson (IHR), Sigurgeir Guðlaugsson (SG).

Einnig sátu fundinn Baldvin Sturluson (BS) fjármálastjóri og Ása Inga Þorsteinsdóttir (ÁÍÞ) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina.

Forfallaðir: Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (ÞBS).

Fundargerð:

Formaður aðalstjórnar, SG, setti fundinn og stýrði.

1. Samþykkt fundargerða

Fundargerðir eftirfarandi funda voru teknar fyrir til samþykktar:

Aðalstjórnarfundur 8. des. 2020.

Félagsráðsfundur 8. des. 2020.

Niðurstaða: ákveðið var að ef einhverjar frekari athugasemdir væru við fundargerðirnar yrðu þær sendar með tölvupósti til ÁÍH innan 24 klst, að öðrum kosti væru þær samþykktar.

Umræða var tekin um skil á gögnum fyrir aðalstjórnarfundum og voru fundarmenn sammála um að eðlilegt væri að gögn væru tilbúin a.m.k. 48 klst fyrir stjórnarfundum, ef ætlast sé til að fundarmenn séu búnir að ná að kynna sér þau gögn sem lögð eru fyrir fundinn.

2. Fjármál

a. Fyrstu drög að uppgjöri 2020

BS fór yfir fyrstu drög að ársuppgjöri félagsins. Félagið var rekið á árinu með jákvæða rekstrarniðurstöðu upp á 37 milljónir þegar á eftir að tekjufæra Covid-19 styrki frá ríkinu að fjárhæð u.þ.b. 24 milljónir. Að teknu tilliti til þeirra var jákvæð rekstrarniðurstaða ársins því í kringum 61 milljón. Lausafjárstaða félagsins er sambærileg um þessi áramót og fyrir ári. Búið er að bóka 99,5% af bankanum þannig að bankareikningar eru nánast alveg afstemmdir. Eftir á að gjaldfæra einhverja reikninga inn á deildirnar fyrir desember, reikningar sem voru greiddir í upphafi janúar. Farið verður í yfirferð á öðrum efnahagsliðum á næstu dögum.

b. Efnahagsliðir 2020 vs 2019 - sjóðstreymi

Handbært fé í árslok 2019 var 80 milljónir en í árslok 2020 um 63 milljónir; mismunur upp á 17 milljónir.

Eignir félagsins eru að aukast úr 77 milljónum í 86 milljónum; neikvæð sjóðstreymisáhrif upp á 9 milljónir.

Skuldir félagsins eru að lækka úr 128 milljónum í 58 milljónir; neikvæð sjóðstreymisáhrif upp á 70 milljónir.

c. Umræða um uppsetningu ársreiknings

IHR fór yfir umræðu fjárhagsráðs aðalstjórnar og ÁIP á fundi þeirra í gær um mögulega breytingu á framsetningu ársreiknings Stjórnunnar. Vilji er fyrir því að draga betur fram í mælaborð áhugaverðar samburðartölur úr rekstri félagsins. Fjárhagsráð mun vinna málið áfram í samvinnu við ÁIP og kynna nánari tillögur fyrir aðalstjórn á næsta stjórnarfundi.

Niðurstaða: til upplýsinga.

3. Covid-19

- a. Tekjufærslur á Covid-19 greiðslum frá ÍSÍ sem eru nú þegar komnar.
BS á fund með endurskoðanda Stjórnunnar í vikunni þar sem skoðað verður hvernig best sé að tekjufæra Covid-19 greiðslur til deilda á milli ára, þar sem um styrki varðandi mögulegt framtíðartekjutap getur einnig verið að ræða.

Niðurstaða: Aðalstjórn mun fylgja þeim tilmælum sem koma frá endurskoðanda í þessum efnum.

- b. Staða á ferli Vinnumálastofnunar á þeim aðgerðum sem hafa verið kynntar og voru samþykktar á Alþingi rétt fyrir jól sem aðgerðapakki til stuðnings rekstrar íþróttafélaga.
ÁIP fór yfir að engar frekari upplýsingar hafa borist frá Vinnumálastofnun varðandi aðgerðirnar og ekki er þeirra að vænta fyrr en í fyrsta lagi í kringum 30. janúar nk. samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni.

Niðurstaða: til upplýsinga.

- c. Úttekt og tilboð frá Sessor
ÁIP og BS fóru yfir kynningarfund með Sessor um heildstæðar hugbúnaðarlausnir fyrir íþróttafélög. Megin markmið þeirra er að betrubæta tæknilega innviði íþróttafélaganna og bjóða upp á samtengdar viðskiptalausnir. Hafa þeir m.a. komið að slíkri vinnu fyrir HK og eru í úttektarvinnu í dag með KR og Aftureldingu.

Niðurstaða: ÁIP og BS er falið að leitast eftir upplýsingum frá þessum félögum um þjónustuna, hvaða væntingar þau hafa um árangur og hvort það séu hlutir sem gætu nýst Stjórnunni til að bæta upplýsingaflæði til stjórna deilda. ÁIP og BS er einnig falið að skoða bakgrunn og sambærileg tilboð frá samkeppnisaðilum. Ef ÁIP og BS telja þetta vera áhugaverða lausn sem Stjarnan eigi að skoða leggja þau fram nánari tillögu á næsta fundi aðalstjórnar.

4. Staða málefna sem send voru til Garðabæjar vegna fjárhagsáætlunar 2021

ÁIP fór yfir svör eða stöðu þeirra erinda sem send voru til Garðabæjar í haust í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021:

1. Rekstrarsamningur TM hallar.
Svar/staða: málið á borði bæjarstjóra.
2. Aðstoð við kostnað vegna framkvæmda í TM höllinni.
Svar/staða: málið á borði bæjarstjóra.
3. Beiðni um aðstoð við kostnað að lögn á rafmagni að skiltum við Molduhraun og Ásgarð.

Svar/staða: Garðabær gefur heimild fyrir skiltunum en Stjarnan þarf að standa undir kostnaði við lagningu rafmagns og uppsetningu.

4. Endurnýjun áhalda og viðhald í íþróttasölum.

Svar/staða: málefnið er á borði íþróttafulltrúa sem vinnur það í samvinnu við félagið en efst á forgangslistanum eru ávallt mál sem snúa að öryggismálum.

5. Vökvunarkerfi fyrir Samsungvöll.

Svar/staða: erindið var samþykkt og beðið er eftir verkáætlun frá bæjarverkfræðingi.

6. Aukið fjármagn til rekstrar stoðsviðs og afrekssjóðs Stjórnunnar.

Svar/staða: Fjárveitingar til Stjórnunnar eru í samræmi við samning félagsins við Garðabæ. Umræða var um að skoða málefni félagsins með hliðsjón af styrkjum sem koma til greiðslu frá ríkinu.

5. Önnur mál

- a. Körfubolti – málefni mfl kvk.

Niðurstaða: málefni vísað til næsta fundar.

- b. Íþróttahátíð Garðabæjar – ferlið.

ÁIP fór yfir það ferli sem tíðkast hefur við tilnefningar til íþróttamanns og -konu Garðabæjar. Stjórnir deilda hafa fengið send skjöl til útfyllingar um tilnefningar heiðursviðurkenninga frá ÍTG. SG óskaði eftir að ferlið verði rætt á félagsráðsfundi á haustdögum þegar nær dregur næstu tilnefningum, m.a. til að tryggja að aðalstjórn sé upplýst um tillögur deilda áður en þær eru sendar til ÍTG.

- c. Val á heiðursviðurkenningum Stjórnunnar og umgjörð.

ÁIP fór yfir þær heiðursviðurkenningar sem Stjarnan hefur veitt á aðalfundi félagsins ár hvert ásamt hugmyndum um breytt fyrirkomulag í formi einhvers konar uppskeruhátíðar sem höfðað gæti meira til íþróttamanna félagsins.

Niðurstaða: málið verður tekið til umræðu á félagsráðsfundi á seinni hluta ársins.

- d. Mögulegar dagsetningar aðalfundar 2021.

Niðurstaða: Stefnt er að því að halda aðalfund félagsins fyrir starfsárið 2020 fimmtudaginn 15. apríl næstkomandi. Endanleg dagsetning verður ákveðin á fundi aðalstjórnar í febrúar.

- e. Festa niður dagsetningar fyrir næstu félagsráðsfundi.

Niðurstaða: næsti félagsráðsfundur verður annan þriðjudag í mars.

- f. Ferli við samþykktir fundargerða aðalstjórnar.

Niðurstaða: aðalstjórn er einhuga um að halda áfram því verklagi sem haft hefur verið við samþykktir fundargerða, þ.e. að fundargerð hvers fundar sé formlega samþykkt á næsta fundi á eftir, u.þ.b. mánuði síðar.

- g. Beiðni fimleikadeildar.

„Stjórn fimleikadeildar Stjórnunnar er að velta fyrir sér hvort Aðalstjórn gæti sett upp gildi Stjórnunnar „Fagmennska- Samvinna- Gleði – Árangur“ upp í fimleikasalnum.

Við styðjumst mikið við þetta þessi gildi í öllu okkar starfi bæði með þjálfurum og iðkendum. Það væri því hjálplegt að hafa þau upp í salnum ef það fæst leyfi hjá Garðabæ fyrir því.

Fimleikadeildin er svo reyndar með fimmta gildið sem er okkar eigið „Hakan upp“ sem hefur beina skýrskotun í fimleika en fellst líka í því að vera stoltur Stjörnu kona/maður.“

Niðurstaða: beiðni er samþykkt, ÁÍP er falið að sjá um framkvæmd í samráði við stjórn deildarinnar og gæta þess að kostnaður við framkvæmdina sé innan eðlilegra marka.

Annað var ekki rætt og fundi slitið kl. 19:15 – ritað ÁÍP